

2. gr.

16. gr. Ný málsgrein bætist inn á eftir annari málsgrein og orðist þannig:
 Þeir, sem lokið hafa sveinsprófi í bifvélavirkjun, skulu undanþegnir prófi í þeim atriðum, er greinir í a- og b-liðum 18. gr.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941, og öðlast þegar gildi.

Í dómsmálaráðuneytinu, 12. febrúar 1944.

Einar Arnórsson.

Gústav A. Jónasson.

10

12. febr.

REGLUGERÐ

fyrir læknisvitjanasjóð Þingvallahrepps í Árnessýslu.

11

15. febr.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Læknisvitjanasjóður Þingvallahrepps í Álafosslæknishéraði, og er stofnaður samkvæmt lögum nr. 59 4. júlí 1942, um læknisvitjanasjóði.

2. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja til læknisvitjana íbúa Þingvallahrepps eða auðvelda þeim læknisóknina á annan hátt, svo og að létta hreppsbúum aðrar sjúkdómsbyrðar og hlynnu að heilbrigðismálum hreppsins yfirleitt.

3. gr.

Í stjórn sjóðsins eru hreppstjórinn í Þingvallahreppi, og tveir menn aðrir, kosnir af hreppsnefnd. Hreppstjórinn er formaður sjóðstjórnarinnar, og jafnframt reikn-ingshaldari og gjaldkeri sjóðsins.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. tillag ríkissjóðs, er nemur á ári 2 kr. á hvern íbúa Þingvallahrepps;
2. tillag hreppsins, er nemur á ári 1 kr. á hvern hreppsbúa;
3. áheit og aðrar gjafir, er sjóðnum kunna að áskotnast;
4. læknisvitjanastyrkur, sem veittur er eða veittur kann að verða.

5. gr.

Að liðnu hverju almanaksári og fyrir lok janúarmánaðar næsta ár úthlutar sjóðstjórnin styrkjum úr sjóðnum, að fengnum umsóknum þeirra, er styrks æskja. Umsækjendur senda umsóknir sínar ásamt skilríkjum til formanns sjóðstjórnarinnar.

6. gr.

Tillag ríkissjóðs, samkv. 1. tölulið 4. gr., ásamt tilskildu þriðjungsframlagi á móti (sbr. 1. gr. laga nr. 59 4. júlí 1942, um læknisvitjanasjóði), svo og læknisvitjana-styrk hreppsins samkv. 4. tölulið 4. gr., má aðeins verja til styrktar hreppsbúum, vegna kostnaðar af læknisvitjunum. Hreppsbúar njóta að jafnaði læknisvitjana-styrkja úr sjóðnum í hlutfalli við kostnað þeirra af læknisvitjunum á árinu. Þó geta þeir ekki væntt slíkra styrkja, sem ekki hafa orðið fyrir meiri kostnaði en svo, að

11 hann telst þeim ekki tilfinnanlegur, miðað við efnahag þeirra og ástæður. Að öðru 15. febr. jöfnu gangi þeir fyrir um styrki, sem lengst og erfiðast eiga til læknis að sækja.

7. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta eftir því, sem við verður komið án þess að stofna því í hættu og þannig, að sá hluti þess, er verja ber til læknisvitjanastyrkja, sé jafnan handbær, er til þess þarf að taka.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikning fyrir hvert liðið ár skal senda landlækni, áður en tillag ríkissjóðs til sjóðsins verður greitt fyrir næsta ár.

8. gr.

Ef sjúkrasamlag verður stofnað í hreppnum, semur sjúkrasamlagsstjórnin við sjóðstjórnina um að sjóðurinn hagi þannig starfsemi sinni, að samlagsmenn verði að öðru jöfnu eigi miður settir að því, er tekur til aðstoðar sjóðsins, en aðrir hrepps-
búar.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 59 4. júlí 1942, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 15. febrúar 1944.

Björn Þórðarson.

Gústav A. Jónasson.

12

REGLUR

16. febr.

um innheimtu útsvara í Ísafjarðarkaupstað á tímabilinu 1. marz til 1. maí 1944.

1. gr.

Sérhver útsvarsgreiðandi í Ísafjarðarkaupstað, sem gjaldskyldur er við aðal-
niðurjöfnun útsvara árið 1944, skal greiða upp í útsvar þessa árs 40% af útsvars-
upphæð þeirri, er honum bar að greiða árið 1943, með gjalddögum 1. marz, 1. apríl
og 1. maí 1944, að einum þriðja á hverjum gjalddaga.

2. gr.

Nú eru hreinar tekjur gjaldanda lægri árið 1943, samkvæmt skattaframtali, en
þær voru árið 1942, og getur hann þá krafizt hlutfallslegrar lækkunar á útsvars-
greiðslunni samkvæmt reglum þessum. Þetta gildir þó aðeins, ef tekjurýrnunin hefur
numið 30% eða þar yfir.

3. gr.

Nú eru greiðslur samkvæmt reglum þessum ekki inntar af höndum áður en 15
dagar eru liðnir frá hinum ákveðnu gjalddögum, og skal gjaldandi þá greiða dráttar-
vexti af því sem ógreitt er, 1% á mánuði eða hluta úr mánuði, sem liðinn er frá gjald-
daga, unz greitt er.

Þó verður sá gjaldandi ekki krafinn um dráttarvexti, sem greiðir að fullu 40%
af útsvarsupphæð sinni 1943 fyrir 20. apríl 1944.

4. gr.

Kaupgreiðendum ber skylda til að halda eftir af kaupi starfsmanna til útsvars-
greiðslu samkvæmt þessum reglum, á sama hátt og með sömu viðurlögum og gilda
um almenna útsvarsinnheimtu.